

Gátlisti yfir gögn sem þurfa að fylgja með umsókn til Kína fyrir einhleypa umsækjendur

- | | |
|---|---|
| <input type="checkbox"/> Bréf frá Utanríkisráðuneytinu | <input type="checkbox"/> Tekju- og eignavottorð |
| <input type="checkbox"/> Umsókn um ættleiðingu á barni frá Kína | <input type="checkbox"/> Læknisvottorð |
| <input type="checkbox"/> Efnisyfirlit / Dossier | <input type="checkbox"/> Umsögn félagsráðgjafa |
| <input type="checkbox"/> Bréf frá umsækjendum | <input type="checkbox"/> Forsamþykki |
| <input type="checkbox"/> Yfirlýsing um kynhneigð | <input type="checkbox"/> Ljósmyndir |
| <input type="checkbox"/> Vegna fráfalls / Guardian statement | <input type="checkbox"/> Meðmælabréf |
| <input type="checkbox"/> Fæðingarvottorð | <input type="checkbox"/> Staðfesting á námskeiði hjá ÍÆ |
| <input type="checkbox"/> Vottorð um hjúskaparstöðu | <input type="checkbox"/> Staðfest ljósrit af vegabréfum |
| <input type="checkbox"/> Sakavottorð | <input type="checkbox"/> Stimpill frá kínverska sendiráðinu |
| <input type="checkbox"/> Atvinnuvottorð | |

Bréf frá Utanríkisráðuneytinu: Skrifstofa ÍÆ útvegar þetta bréf eftir að umsókn er skilað inn.

Umsókn um ættleiðingu á barni frá Kína: ÍÆ lætur umsækjanda fá þetta form.

Efnisyfirlit: ÍÆ gerir þetta yfirlit eftir að umsókn er skilað inn.

Bréf frá umsækjendum: Þetta er bréf frá umsækjanda (svokallað cover letter á ensku) þar sem þarf að segja frá ástæðum þess að vilja ættleiða. Í bréfinu þarf að fjalla ítarlega um umsækjanda. Undirrita þarf bréfið. Bréfið þarf að vera á ensku ef ykkur finnst það betra þá getið þið skrifað bréfið á íslensku og látið löggiltan þýðanda þýða það. ÍÆ er með dæmi um slíkt bréf.

Yfirlýsing um kynhneigð: Umsækjandi sem aldrei hefur verið giftur þarf að lýsa því yfir að hún sé ekki samkynhneigð (dæmi um slíka yfirlýsingu er að finna á skrifstofu ÍÆ)

Vegna fráfalls / Guardian statement: Bréf um þann sem mun annast barnið ef umsækjandi fellur frá. ÍÆ er með staðlað form sem skrifað er inn í. Bréfin þurfa að vera undirrituð af viðkomandi.

Fæðingarvottorð: Útgefið af Þjóðskrá. Umsækjandi skal vera á aldrinum 30 til 50 ára, aldursmunur á barni og umsækjanda má aldrei vera meiri en 45 ár.

Vottorð um hjúskaparstöðu: Útgefið af Þjóðskrá. Umsækjandi sem er ógift þarf að fá vottorð um að hún sé einhleyp. Umsækjandi sem er fraskilin þarf að fá hjúskaparvottorð frá síðasta hjónabandi. Ekkja þarf að fá dánarvottorð maka þar sem nafn hennar kemur fram í athugasemdum sem eftirlifandi eiginkona.

Sakavottorð: Beiðni um sakavottorð má beina til hvaða sýslumanns sem er, utan sýslumannsins í Reykjavík en íbúum í umdæmi hans er bent á afgreiðslu sýslumannsins í Kópavogi. Einnig má sækja um sakavottorð hjá lögreglustjórum landsins utan höfuðborgarsvæðisins. Sakavottorð þarf að vera hreint.

Atvinnuvottorð: Vinnuveitandi gerir þetta vottorð. ÍÆ er með staðlað form um hvað á að standa í þessu vottorði.

Tekju- og eignavottorð: ÍÆ er með staðlað form sem umsækjandi fyllur út og undirritar. Heildareign umsækjanda þarf að ná \$100,000 og árstekjur fyrir hvern fjölskyldumeðlim (þ.m.t. börn) skulu vera a.m.k. \$10,000.

Læknisvottorð: Frá heimilislækni eða öðrum lækni sem hefur annast umsækjanda. ÍÆ er með staðlað form sem læknir getur fyllt út. Umsækjandi þarf að vera heilbrigður á sál og líkama.

Umsögn félagsráðgjafa: Sama umsögn og var gerð fyrir útgáfu forsamþykkis. Umsækjandi má ekki eiga fleiri börn en tvö undir átján ára aldri og yngsta barn má ekki vera yngra en sex ára.

Koma þarf fram að umsækjandi hafi reynslu af umönnun á börnum eða að atvinna viðkomandi tengist börnum s.s. læknir, hjúkrunarfræðingur, kennari, barnasálfræðingur eða ráðgjafi. Gott er ef viðkomandi hefur reynslu af umönnun á börnum með skilgreindar þarfir.

Koma þarf fram í mati félagsráðgjafa:

1. Ástæður ættleiðingar: Sú ákvörðun að ættleiða barn með skilgreindar þarfir þarf að vera vel ígrunduð. Umsækjandi þarf að vera hæfur til að hugsa um barn með skilgreindar þarfir og vera ábyrgur fyrir velferð barnsins.
2. Ástæður þess að vera einhleyp og viðhorf til hjónabands: Umsækjandi þarf að sýna fram á að vilja til að velja karlmenn sem fyrirmynd fyrir barnið og bjóða karlmönnum á fjölskyldusamkomur.
3. Umsækjandi þarf að hafa farið á undirbúningsnámskeið vegna ættleiðingar. Á þessu námskeiði þarf viðkomandi að hafa fengið undirbúning varðandi ættleiðingu á barni með skilgreindar þarfir. Umsækjandi þarf að fengið þjálfun í að skilja andlegar og líkamlegar þarfir barns með skilgreindar þarfir.

4. Ítarlega uppeldis- og endurhæfingaráætlun (nurture and rehabilitation plan): Umsækjandi þarf að vera hæfur bæði persónulega og félagslega í því að hugsa um barn með skilgreindar þarfir og eiga stóra fjölskyldu og gott félagslegt stuðningsnet sem getur aðstoðað ef þarf.
5. Aðra kosti sem sem nýtast í umönnun á barni með skilgreindar þarfir.

Forsamþykki: Kemur frá sýslumanninum í Reykjavík og er frumritið sent beint á skrifstofu ÍÆ.

Ljósmyndir: Myndirnar þurfa að vera af umsækjendum sjálfum og nánustu fjölskyldu. Hámark mega vera 3-4 á hverri mynd og þurfa andlitin að sjást vel. Senda þarf eina mynd af tilvonandi kjörmóður. Skrifa þarf við hverja mynd útskýringar þ.e. nöfn fólksins á myndinni og hvernig þau tengjast fjölskyldunni. Einnig þarf að taka myndir af heimilinu, umhverfi og frístundaiðkun. Viðmið er 6 blaðsíður (A4) af myndum. Einnig þarf að fylgja passamynd (eða góð andlitsmynd) og mynd af fjölskyldunni á rafrænu formi.

Meðmælabréf: Bréfin þurfa að vera þrjú og mega vera frá vinum eða kunningjum sem þekkja þig vel.

Staðfesting á að umsækjandi hafi sótt undirbúningsnámskeið fyrir ættleiðingu: ÍÆ gefur þessa staðfestingu út eftir að umsækjandi hefur lokið námskeiðinu, „Er ættleiðing fyrir mig?“.

Staðfest ljósrit af vegabréfi: Fara þarf til sýslumanns og láta hann ljósrita vegabréf umsækjanda. Sýslumaður stimplar síðan ljósritin til staðfestingar.

Stimpill frá kinverska sendiráðinu: ÍÆ sér um að fá þennan stimpil á umsóknina eftir að hún hefur fengið stimplun og frágang með viðeigandi hætti hjá Utanríkisráðuneytinu.

Þegar umsækjandi hefur safnað öllum skjölum fer skrifstofa ÍÆ yfir þau. ÍÆ gefur sér 5 daga til að fara yfir umsóknina. Þá lætur umsækjandi löggiltan þýðanda þýða umsóknina yfir á frönsku.

Þegar umsóknin hefur verið þýdd er komið með umsóknina á skrifstofu ÍÆ. ÍÆ útbýr fylgiblað og staðfestir umsóknina með undirskrift. Því næst fer umsækjandi með umsóknina og fylgiblaðið og lætur notarius publicus stimpla hana hjá sýslumannsembættinu.

Þegar því líkur er komið með umsóknin á skrifstofu ÍÆ sem sér um að láta staðfesta umsóknina hjá utanríkisráðuneytinu.

Þá er fenginn staðfestingstimpill hjá sendiráði Kína á umsóknina .

Áriðandi er að nöfn umsækjanda séu skrifuð á sama hátt í vegabréfunum og á öllum skjölum. Gætið þess sérstaklega á læknisvottorði og atvinnuvottorði.

Öll gögn, líka frá vinnuveitendum og lækni, þurfa að vera skrifuð á bréfsefni , undirrituð og stimpluð ef hægt er og mega ekki vera eldri en þriggja mánaða. Barnaverndarskýrsla má ekki vera eldri en ársögmul.

Erlend stjórnvöld geta óskað eftir ítarlegri upplýsingum eða nýjum vottorðum. Ef svo er þá setur ÍÆ sig í samband við umsækjanda og lætur vita.

Það er nauðsynlegt að nota löggilta skjalapýðendur til að þýða öll gögn sem ekki er hægt að fá á ensku. Þýðandi sem hefur oft þýtt skjöl fyrir ÍÆ er Jeffrey Cosser, sími: 557 4076, netfang: jmc@itn.is. Biðjið þýðanda að stimpla hverja síðu.

Einnig þarf:

Eyðublað með upplýsingum um umsækjanda: ÍÆ sendir eyðublaðið í tölvupósti en þessar upplýsingar eru svo færðar inná kerfið í Kína.

Passamyndir á rafrænu formi: ÍÆ veitir frekari upplýsingar